

1875

33
26tta
apríl

jörð Þingeyraklausturs, Steinnes, sem byggð hefur verið fyrrveranda klausturpresti til Þingeyra fyrir 300 álna afgjald og nú skal byggja nýjum presti þannig, að afgjaldið verði áskilið eptir meðalverði allra meðalverða, en það afgjald þykir afarhátt í samanburði við kosti jarðarinnar — hafi lagt það til, að afgjaldið af nefndri jörð verði áskilið samkvæmt rentukammerbrjefi 6. maí 1843, en að 9 hndr. prestsskylda sú, sem Þingeyraklausturspresti er ákveðin og þannig hefur verið útilátin, að 4 hndr. hafa verið greidd eptir meðalverði allra meðalverða, en hitt sumpart eptir verðlagi verðlagsskrár á smjöri og eingirnissokkum og sumpart verið jafnað upp með landsskuldinni af nefndri jörð Steinnesi, — verði eptirleiðis reiknuð eptir meðalverði allra meðalverða. Samkvæmt þessu og með skírskotun til athugasemdar yðar, viðvíkjandi framanrituðu málefni, hafið þjer lagt það til, að prestsskylda sú, er nefndum presti ber af Þingeyraklaustri, verði eptirleiðis að öllu leyti reiknuð eptir meðalverði allra meðalverða þannig, að 6½ hndr. verði greitt honum af umboðssjóðnum í peningum, en 2½ hndr. eins og að undanfögnu, jafnist upp á móti landsskuldinni af Steinnesi, og verði við hina nýju byggingu jarðarinnar að áskilja hana eptir meðalverði allra meðalverða.

Út af þessu skal yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari auglýsingar þjónustusamlega tjáð, að það er hjermeð samþykkt, að prestsskyldur þær, sem ákveðnar eru prestunum til Möðruvalla- og Þingeyra-klaustra, verði eptirleiðis goldnar þeim að öllu leyti í peningum, eptir meðalverði allra meðalverða, og að jörðin Steinnes, sem liggur undir síðarnefnt klaustur, verði byggð á þá leið, að allt afgjaldið (landsskuld og leigur), verði reiknað eptir meðalverði allra meðalverða.

Framanritað brjef ráðgjafans, leiði jeg ekki hjá mjer þannig þjónustusamlega að tilkynna herra amtmanninum, til þóknanlegrar leiðbeiningar og til þess, að þjer birtið það hlutaðeigandi umboðsmönnum, þeim til eptirbreytni.

34

29da
apríl.

Brjef landshöfðingja (til stiptyfirvaldanna).

Samkvæmt allraþegnsamlegustu tillögum ráðgjafans fyrir Ísland, hefur hans hátign konunginum þóknast 30. f. m., allramildilegast að fallast á, að jörðin Íshóll í Ljósavatns-hreppi í Þingeyjarsýslu, sem er eign Laufáskirkju, verði afhent bóndanum Jóni Benidiktssyni á Stóruvöllum, í skiptum fyrir jörðina Heiðarhús í Hálshreppi í sömu sýslu, þannig, að eptir skiptin greiðist af hinni fyrrnefndu jörð, tíund og önnur almenn gjöld, er eigöndum bændajarða ber að lúka, en hinni síðarnefndu jörð fylgi sama gjaldfrelsi og öðrum kirkjujörðum.

Þetta er hjermeð tjáð stiptyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

35

5ta
maí.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdeginu).

Eptir að jeg hafði sent ráðgjafanum fyrir Ísland, útleggingar af skýrslum herra amtmannsins frá 19., 20. og 30. marts þ. á. um heilbrigðisástand sauðfjárins á Suðurlandi og látið álit mitt í ljósi um það, sem hingað til hefur verið gert og framvegis ber að gera til að uppræta fjárkláða þann, sem í vetur hefur gert vart við sig í Borgarfjarðar, Kjósar, Gullbringu og Árnessýslum, hefur ráðgjafinn 24. f. m. meðal annars ritað mjer á þessa leið:

„Samkvæmt skýrslum þeim, sem brjef yðar herra landshöfðingi og fylgiskjöl þess hafa inni að halda, verður eigi betur sjeð en, að aðferð sú, sem hingað til hefur verið viðhöfð,